

Minnisblað



Til: Bæjarráðs og Hafna- og atvinnumálaráðs
Frá: Slökkviliðsstjóra

Vesturbyggð 25. september 2020
Málsnúmer: 2009086 drg

Efni: Minnisblað vegna siglingaverndar og stjórnendavaktar

Upp hefur komið sú hugmynd að sameina stjórnendavakt slökkviliðsins og vaktsíma siglingaverndar. Þá væri kostnaði skipt jafnt á milli Hafnarsjóðs og Slökkviliðs. Taka þyrfti tillit til þessa í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Áætlað er að slík vakt kosti um 7 miljónir á ári.

Til þess að uppfylla alþjóðleg lög um siglingavernd þá þurfa Patrekshöfn og Bíldudalshöfn að gefa upp vaktsíma sem svarað er í allan sólarhringinn.

Forsenda fyrir því að fá skip sem sigla á milli landa er að höfn og skip séu vottuð með tilliti til siglingaverndar. Verði brestur í siglingavernd getur það leitt til ógildingar á vottun hafnar og hefur einnig afleiðingar fyrir skipið sjálft sem fær ekki að leggjast upp að næstu höfn nema að undangenginni stórri skoðun samkvæmt ákvæðum um siglingavernd.

Kröfurnar má finna í A-hluta ISPS kóðans og II. viðauka við Evrópureglugerð nr. 725/2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu

Evrópureglugerð nr. 725/2004 inniheldur m.a. allan ISPS kóðann og hefur verið innleidd hér á landi og byggja lög nr. 50/2004 um siglingavernd á þessari reglugerð sem og reglugerð nr. 265/2008 um framkvæmd siglingaverndar.

Í reglugerð um slökkvilið stendur um stjórnendavakt „Slökkviliðsstjóri eða varaslökkviliðsstjóri skal ávallt vera á vakt eða á bakvakt og til staðar á starfssvæði slökkviliðsins. Heimilt er að manna slíkar vaktir með staðgenglum sem uppfylla hæfniskröfur sem gerðar eru til slökkviliðsstjóra“.

Kröfurnar má finna í reglugerð 747/2018 um starfsemi slökkviliða og lög nr. 75/2000 um brunavarnir.

Lagt er til að þessum vöktum verði komið á og mannaðar stjórnendum í slökkviliðunum. Þeir stjórnendur sem gangi vaktirnar fái þá námskeið í siglingavernd og sinna útköllum þar af lútandi.

Virðingarfyllst,

Davíð Rúnar Gunnarsson
slökkviliðsstjóri